




FJÖLSKYLDUSVIÐ
AKUREYRARBÆJAR

Fjölskyldusvið Akureyrar



Mynd: María Helena Tryggvadóttir

Ársskýrsla 2018

Efnisyfirlit

1	FJÖLSKYLDUSVIÐ AKUREYRARBÆJAR	3
1.1	STARFSFÓLK	3
2	ÚTGJÖLD 2018 OG HELSTU LYKILTÖLUR	5
3	BARNAVERND	6
4	FÉLAGSÞJÓNUSTA	12
4.1	ALMENN FÉLAGSÞJÓNUSTA	12
4.2	SÉRHÆFÐ FÉLAGSÞJÓNUSTA	23
5	ÞJÓNUSTUDEILD	27
5.1	SKRIFSTOFA FJÖLSKYLDUSVIÐS	27
5.2	ASKJAN.....	27
6	ÖNNUR STARFSEMI SVIÐSINS	28
6.1	LÖGFRÆÐINGUR Á FJÖLSKYLDUSVIÐI	28
6.2	NOTENDARÁÐ Í MÁLAFLOKKI FATLAÐRA.....	28
6.3	SIS MAT	28
7	SKÓGARLUNDUR	29
8	PLASTIÐJAN BJARG – IÐJULUNDUR	31

Nefndir og ráð

Barnaverndarnefnd

Júlí Ósk Antonsdóttir formaður

Álfheiður Svana Kristjánsdóttir

Elisabeth J. Zitterbart

Hjalti Ómar Ágústsson

Valur Freyr Halldórsson hættur apríl 2018

Þorgeir Rúnar Finnsson, kom inn fyrir Val Frey í apríl, Þorgeir hættur í september 2018

Maron Pétursson kom inn fyrir Þorgeir Rúnar í október 2018

Velferðarráð

Dagbjört Hlín Pálsdóttir formaður

Róbert Freyr Jónsson


Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Hermann Ingi Arason

Lára Halldóra Eiríksdóttir

Sigrún Elva Briem áheyrnarfulltrúi

Skipurit Fjölskyldusviðs



1 Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar veitir fjölbreytta ráðgjafarþjónustu á sviði barnaverndar, almennrar og sértækrar félagsþjónustu (málaflokkur fatlaðra). Þjónustusvæðið er auk Akureyrar; Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Gerður hefur verið þjónustusamningur í málaflokki fatlaðra á milli þessara sveitarfélaga sem unnið er eftir en skv. samningum er Akureyrarbær leiðandi sveitarfélag og ber ábyrgð á rekstri allrar þjónustu í málaflokknum. Einnig er unnið eftir samningum um ráðgjafarþjónustu við sveitarfélögin en skv. þeim sinnir fjölskyldusvið ráðgjafarþjónustu í barnavernd og almennri félagsþjónustu. Samstarf er á milli þessara sveitarfélaga um barnaverndarnefnd, barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Undir sviðið heyra tveir vinnustaðir í málaflokki fatlaðra, Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur (PBI) og Skógarlundur.

Fjölskyldusvið leggur áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun, snemmtæka íhlutun og sveigjanleika í þágu notenda þjónustunnar.

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga settu mark sitt á starfsemi sviðsins á árinu. Í samstarfi við bæjarlögmann var mikil greiningarvinna unnin og í framhaldinu einkenndist starfsemin af aðlögun og breytingum á meðferð persónugreinanlegra gagna á sviðinu.

Innleiðing rafrænnar stjórnýslu hjá sveitarfélaginu er mikilvægt tæki í því að bæta aðgengi að þjónustunni og stuðla að aukinni hagræðingu. Á síðasta ári var lagt upp með að koma í auknum mæli á framfæri fréttum og upplýsingum af starfsemi sviðsins á vef sveitarfélagsins í þeim tilgangi að auka sýnileika og bæta upplýsingaflæði til íbúa. Rafrænum umsóknum og eyðublöðum hefur fjölgað í íbúagátt og unnið er að því að gera enn betur. Næstu skref eru að tryggja jafnt aðgengi allra íbúa með því að gera öllum þjónustuþegum kleift að nota rafrænt aðgengi og fá leiðbeiningar þar um.

Samstarf við stofnanir innan og utan Akureyrarbæjar var mikið á árinu og mun það skila sér í markvissari þjónustu. Meðal annars var komið á samvinnu milli fjölskyldusviðs og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um þróun verkferla í málefnum flóttafólks og hælisleitenda og er það vel þar sem æ fleiri einstaklingar eru í þeirri stöðu að þurfa að leita sér aðstoðar hjá félagsþjónustu. Tilraunaverkefni var komið á fót um tímabundna stöðu áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Verkefnið tókst vel og niðurstöður þarfagreiningar leiddu til þess að óskað var eftir auka stöðuheimild fyrir fastráðningu í þetta starf sem fékkst samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir 2019.

Starfsemi sviðsins skiptist í eftirfarandi þjónustuþætti:

- ★ Barnavernd
- ★ Félagþjónusta, almenn og sértæk
- ★ Þjónustudeild
- ★ Starfsþjálfun og vernduð vinna - PBI
- ★ Skógarlundur – miðstöð hæfingar og virkni

1.1 Starfsfólk

Í árslok 2018 voru 21 starfsmaður á skrifstofu sviðsins í 19.2 stöðugildum. Í Skógarlundu voru 17 starfsmenn í 14.9 stöðugildum og á Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi voru 20 fastir starfsmenn í 17.90 stöðugildum.

Ráðið var í nýja stöðu lögfræðings í ljósi æ fleiri beiðna um upplýsingar frá þjónustuþegum um meðferð og afgreiðslu sinna mála byggðar á ákvæðum upplýsingalaga og nýjum lögum um persónuvernd. Einnig hefur þörf fyrir lögfræðilegt álit í erfiðum málum í barnavernd og félagsþjónustu aukist.

Önnur ný staða kom inn á árinu, ráðgjafi í málaflokki fatlaðra en með færslu skólaþjónustunnar á fræðlusvið er samþætting þjónustu ekki eins mikil og áður og því þörf á viðbót í þennan málaflokk.

Einn starfsmaður hætti vegna aldurs og annar sagði upp og hvarf til annarra starfa. Ráðnir voru inn nýir starfsmenn í þeirra stað.

Nýtt fólk er boðið velkomið til starfa og þeim sem kvöddu á árinu eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í árslok 2018 voru stöðugildi á Fjölskyldusviði eftirfarandi:

	Stöðugildi 31.12.2017	Stöðugildi 31.12.2018
Guðrún Ólafía Sigurðardóttir <i>sviðsstjóri í veikindaleyfi</i>	1,0	
Karólína Gunnarsdóttir <i>settur sviðsstjóri</i>		1,0
Halldóra K Hauksdóttir <i>lögfræðingur</i>		1,0
	Samtals 1,0	Samtals 2,0
Barnavernd		
Vilborg Þórarinsdóttir <i>félagsráðgjafi, forstöðumaður barnaverndar</i>	1,0	1,0
Hafdís Erla Jóhannsdóttir <i>Rist félagsráðgjafi</i>	0,8	0,9
Harpa Ágústsdóttir <i>uppeldisráðgjafi</i>	1,0	1,0
Jóhanna Hjartardóttir <i>félagsráðgjafi</i>	0,9	0,9
Ottó Karl Tulinius <i>félagsráðgjafi</i>	1,0	1,0
Þórdís Gísladóttir <i>ráðgjafi</i>	1,0	1,0
	Samtals 5,7	Samtals 5,8
Félagsþjónusta		
Anna Marit Nielsdóttir <i>félagsráðgjafi, forstöðumaður félagsþjónustu</i>	1,0	1,0
Anna Hildur Guðmundsdóttir, <i>áfengis- og vímuefnaráðgjafi</i>		0,6
Anna Sigríður Jónsdóttir <i>félagsráðgjafi</i>	1,0	1,0
Fanney Jónsdóttir <i>ráðgjafi í málefnum fatlaðra</i>	1,0	1,0
Helga Alfreðsdóttir <i>þroskaþjálfari, ráðgjafi í málefnum fatlaðra</i>	0,8	0,8
Katrín Árnadóttir <i>félagsráðgjafi</i>	0,8	0,8
Katrín Reimarsdóttir, <i>félagsráðgjafi</i>		1,0
Magnús Valur Axelsson <i>húsnæðisfulltrúi</i>	1,0	1,0
Selma Heimisdóttir <i>félagsráðgjafi</i>	0,9	í barnsburðarl.
Snjólaug Jóhannsdóttir <i>félagsráðgjafi</i>	1,0	
Þórhildur G Kristjánsdóttir <i>ráðgjafarþroskaþjálfari</i>		1,0
	Samtals 7,5	Samtals 8,2
Þjónustudeild		
Karólína Gunnarsdóttir <i>þroskaþjálfari forstöðumaður þjónustudeildar</i>	1,0	
Anna Bryndís Sigurðardóttir <i>sérfræðingur á skrifstofu</i>	1,0	
Anna Bryndís Sigurðardóttir <i>forstöðumaður þjónustudeildar</i>		1,0
Elínborg Sigríður Freysdóttir <i>ráðgjafi í Öskjunni</i>	0,75	0,75
Gyða Björk Aradóttir <i>ráðgjafi í Öskjunni</i>	0,5	0,5
Kristín Birna Kristjánsdóttir <i>sérfræðingur á skrifstofu</i>		1,0
Sólveig Eiríksdóttir <i>skrifstofustjóri</i>	1,0	1,0
Steinunn Benna Hreiðarsdóttir <i>deildarfulltrúi</i>	0,75	0,75
	Samtals 5,0	Samtals 5,0
	Samtals stöðugildi 19,2	Samtals stöðugildi 21,0

2 Útgjöld 2018 og helstu lykiltölur

Skipting fjármagns

Samanburður á útgjaldaliðum frá 2015 - 2018 á verðlagi hvers árs, allar tölur eru í þúsundum				
	2015	2016	2017	2018
Skrifstofa fjölskyldusviðs	227.096	245.474	204.405	214.397
Fjárhagsaðstoð	144.824	144.670	119.950	119.295.947
Tilsjónarmenn	7.460	3.472	2.930	1.468
Askjan - fjölskyldustuðningur		7.321	8.958	9.750
Vistun á stofn. og heimilum	42.717	50.814	63.375	86.589
Meðferð unglunga utan stofnana PMT-O	1.837	2.187	2.587	2.618
Styrkir til náms og tækjakaupa	1.667	738	1.285	1.450
Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur	98.733	88.949	83.567	76.926
Skógarlundur	125.186	128.294	138.077	143.733
Sérstakur húsnæðisstuðningur			51.800	74.989

Tafla 1

Ýmsar lykiltölur í starfsemi fjölskyldusviðs

	2016	2017	2018
Fjöldi tilkynninga í barnavernd	516	594	554
Fjöldi barna sem fá þjónustu frá barnavernd	315	304	305
Málafjöldi í Öskjunni	40	43	52
Fjöldi styrkþega í fjárhagsaðstoð	359	340	318
Fjárahagsaðstoð alls (þús. kr.)	144.670	119.939	119.950
Fjöldi styrkþega sérstaks húsnæðisstuðnings		351	344
Heildarfjöldi leiguíbúða		339	342
Fjöldi úthlutaðra leiguíbúða á árinu		49	43
Fjöldi fatlaðra barna í þjónustu	170	171	171
Fjöldi fatlaðra barna með stuðningsfjölskyldur	36	30	32
Skógarlundur - fjöldi þjónustutíma	45.869	44.496	44.378
Skógarlundur - heildarfjöldi notenda	50	50	49
Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur - fjöldi þjónustutíma	24.964	25.872	28.115
Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur - heildarfjöldi notenda	63	60	55

Tafla 2




3 Barnavernd

Sex starfsmenn fjölskyldusviðs sinna verkefnum barnaverndar í umboði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Á árinu voru virk stöðugildi 5.8. Fjórir starfsmenn hafa starfsréttindi til félagsráðgjafar eða meistaraþróf, einn er með BA í sálfræði og einn sem uppeldisráðgjafi. Allir starfsmenn hafa hlotið viðbótarmenntun af einhverju tagi í tengslum við barnavernd.

Barnavernd starfar samkvæmt 2. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem á að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Verkefni starfsmanna barnaverndar eru fjölbreytt en starfsmenn bera ábyrgð á allri grunnvinnu í barnaverndarmálum á grundvelli barnaverndarlaga. Í því felst að taka við tilkynningum, taka ákvörðun um könnun, kanna mál, gera áætlanir, koma með viðeigandi stuðningsúrræði eða sjá til þess að beitt verði öðrum úrræðum. Þegar barnaverndarnefnd fær rökstuddan grun um að heilsu eða þroska barns sé hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða eigin hegðunar á hún að kanna málið án tafar og beita þeim úrræðum sem þarf til að ráða viðunandi bót á. Ávallt er leitast við að styðja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Allar ákvarðanir um úrskurði eða þvingun af einhverju tagi á grundvelli barnaverndarlaga eru teknar af barnaverndarnefnd og starfsmenn barnaverndar bera ábyrgð á að framfylgja þeim. Starfsmenn barnaverndar bera ábyrgð á vistunum barna á einkaheimilum eða í fóstri til skemmri eða lengri tíma á grundvelli barnaverndarlaga. Einnig er það í hlutverki starfsmanna nefndarinnar að sækja um og fylgja börnum eftir í greiningar- og meðferðarvistanir á vegum Barnaverndarstofu og sérhæfðri meðferð á þeirra vegum. Þá gefa starfsmenn í umboði barnaverndarnefndarinnar umsagnir vegna umsókna um fósturleyfi, starfsleyfis stofnanna vegna sólarhringsvistana barna og til forsamþykkis í ættleiðingarmálum. Þá bera starfsmenn ábyrgð á úrræðum á vegum barnaverndar, s.s. starfi tilsjónar, stuðningsfjölskyldu og persónulegra ráðgjafa.

Á árinu 2018 var tekið við 554 barnaverndartilkynningum og að auki var hafin könnun að frumkvæði nefndarinnar sjálfrar í 12 málum á þessu ári. Er það nokkur fækkun frá árinu á undan þegar 594 tilkynningar bárust nefndinni. Þetta er nokkur breyting frá þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár en á árinu 2017 fjölgaði tilkynningum um 78 á milli ára og þar áður um 66. Málefnum barna sem hafa verið til könnunar og meðferðar hjá nefndinni hefur þó ekki fækkað. Málefni 305 barna voru til könnunar og meðferðar á árinu, einu barni fleira en á árinu á undan auk þess sem málefni 4 ófæddra barna voru til meðferðar á árinu. Sjá mynd 1.




Mynd 1


	2016		2017		2018	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
0 - 5 ára	84	46	81	45	87	58
6 - 10 ára	40	45	36	41	31	31
11 - 14 ára	27	27	34	25	31	24
15 - 18 ára	16	25	20	22	19	21
18 - 20 ára	2	0	0	0	2	1
Samtals drengir/stúlkur	169	143	171	133	170	135
Samtals	312		304		305	

Tafla 3

Hlutfall barna undir grunnskólaaldri sem koma við sögu barnaverndar hefur aukist síðasta ár miðað við árin á undan og er rúmlega 47%. Meðalaldur barna hefur þó verið svipaður og undanfarin ár. Eins og áður, koma fleiri drengir en stúlkur inn á borð barnaverndarinnar og munar þar um 35 börn.



Mynd 2



Mynd 3

Athygli vekur mikil fækkun tilkynninga frá lögreglu eins og sjá má á myndinni hér fyrir ofan og vekur það upp ýmsar spurningar. Fækkun tilkynninga frá lögreglu eru tæplega 60 miðað við tölur frá árinu 2017 sem gefur til kynna að tilkynningum fjölgar frá öðrum stofnunum og einstaklingum. Alvarlegri tilkynningum frá lögreglu hefur þó ekki fækkað. Nokkrar áhyggjur má hafa af fækkun tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum en á móti er fjölgun á tilkynningum frá félagshjónustu, ættingjum og foreldrum án forsjár.

Eins og á árinu 2017 er fjöldi tilkynninga undir flokknum vanræksla foreldra gagnvart barni áberandi eða 280 tilkynningar af 554. Þá ber að geta þess að af þessum 280 tilkynningum varða flestar áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra eða 176 talsins, sem telur til 32% af heildarfjölda tilkynninga.

	2013	2016	2017	2018
Vanræksla	186	197	315	280
Ofbeldi	99	160	125	127
Áhættuhegðun barns	111	156	148	135
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	3	3	6	12
Samtals	399	516	594	554

Tafla 4

Að lokinni könnun í barnaverndarmáli er tekin ákvörðun um það hvort stuðnings sé þörf í málinu. Beitingu stuðningsúrræða skv. barnaverndarlögum má skipta í þrjá flokka: a) úrræði inni á heimili, b) úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns og c) þvingunarúrræði. Árið 2018 var eftirfarandi stuðningsúrræðum beitt inni á heimili barns:

Stuðningsúrræði inni á heimili				
	2013	2015	2016	2017
Foreldrum leiðbeint um uppeldi og aðbúnað	78	64	63	73
Stuðlað að úrræðum skv. öðrum leiðum	10	33	48	57
Barni útvegaður viðeigandi stuðningur/meðferð	49	47	48	44
Barni eða fjölskyldu útveguð tilsjón, persónul. ráðgj., eða stuðningsfj.	48	49	40	37
Foreldri aðstoðað við að leita sér meðferðar	27	21	21	27
Punguð kona aðstoðuð við að leita sér meðferðar		3	1	1
Annað	17	35	54	62
Samtals	229	252	275	301

Tafla 5

Stuðningsfjölskyldur

Samkvæmt 85. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Markmið stuðningsins er m.a. að styrkja stuðningsnet barna og veita þeim öryggi, léttu álagi af börnum og fjölskyldum þeirra og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Heimilt er að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld en yfirleitt dvelja börn eina til tvær helgar í mánuði hjá stuðningsfjölskyldum sínum. Í lok ársins höfðu 11 börn stuðningsfjölskyldu á vegum barnaverndar.

Fóstur og aðrar vistanir

Með fóstri er átt við að barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjú mánuði.

Fósturráðstafanir eru þrenns konar: Tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Barn fer í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi aðstæður þess hjá foreldrum. Tímabundið fóstur skal ekki vara lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum. Barn fer í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að aðstæður þess verði ekki bætтар á annan hátt. Hægt er að framlengja fósturráðstöfun barns sem er í fóstri til 18 ára aldurs til 20 ára aldurs þess.

Styrkt fóstur á við þegar barn á við mikla hegðunarerfiðleika að etja og er þá um að ræða sérstaka umönnun og þjálfun barns á fósturheimili í takmarkaðan tíma, að hámarki tvö ár.


Samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði svo sem vistheimili til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum. Samningur er við tvö einkaheimili sem þjónar þessum tilgangi.

Í árslok voru 18 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar sem er aukning frá því árinu á undan og níu börn voru í tímabundnu fóstri í lok ársins. Í heildina var 21 barn í vistun utan heimilis ýmist í tímabundnu fóstri eða í vistun á einkaheimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Tvö börn fóru í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðla á árinu og í tvígang voru börn vistuð þar í neyðarvistun. Þá dvöldu tvö börn til meðferðar á langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu.

Á árinu var tekin ákvörðun um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu vegna tveggja barna í umdæminu auk þess lá fyrir dómur um forsjárviptingu frá Héraðsdómi vegna tveggja annarra barna. Úrskurðað var í fimm málum fósturbarna um umgengni við kynforeldra sína.

Bakvakt

Bakvakt vegna barnaverndarmála er starfrækt á þjónustusvæði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar alla virka daga utan skrifstofutíma og um helgar. Þegar erindi berst til bakvaktar er metið hvort þörf sé á tafarlausri aðstoð eða hvort málið megi bíða næsta virka dags. Neyðarlínan 112 tekur við tilkynningum samkvæmt samningi við barnaverndarnefndir landsins utan skrifstofutíma, forgangsraðar erindum, skráir helstu upplýsingar og kemur þeim til viðkomandi barnaverndarnefndar. Fjöldi útkalla á árinu 2018 voru 50 en eins og sjá má á mynd 4 þá er það mestur fjöldi útkalla frá því bakvaktir byrjuðu árið 2008.



Mynd 4

Sveitarfélög

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágrennasveitarfélögin Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandarhrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Af 305 börnum sem nefndin hafði afskipti af á árinu, komu 271 frá Akureyri, en 34 frá hinum sveitarfélögum fjórum, eða ríflega 11%.

Samstarfsaðilar

Barnaverndarstarfsmenn eru í faglegu samstarfi við grunnskóla bæjarins og sátu nemendaverndarráðsfundi reglulega á þessu ári eins og áður. Tengiliður frá barnavernd er við hvern skóla og leikskóla sem hefur reynst vel. Að jafnaði hafa verið tveir samráðsfundir í hverjum leikskóla á ári. Minni skólar á svæði nefndarinnar eru heimsóttir sjaldnar. Á árinu buðu starfsmenn barnaverndar öllum skólum og leikskólum uppá formlega kynningu á málsmeðferð barnaverndar, skyldur þeirra sem vinna með börnum og um mikilvægi samstarfs. Var því vel tekið og flestir leik- og grunnskólar þáðu slíka kynningu. Verður þeirri vinnu framhaldið á árinu 2019.

Fundað var mánaðarlega með geðdeild SAK og á starfsmaður barnaverndar setu í fagteymi á HSN. Reglulegt samráð hefur einnig verið við barnadeild SAK og BUG-teymi sjúkrahússins. Starfsmenn barnaverndar hafa verið í góðu samstarfi við skólaþjónustu á fræðsluviði og lögð hefur verið sérstök áhersla á meira og þéttara samstarf starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar á árinu.

Samvinna við lögreglu er af margvíslegum toga en þar má helst nefna samvinnuverkefni um viðbrögð við heimilisofbeldi sem hófst árið 2015 og nefnt hefur verið „Að halda glugganum opnum“. Það var tilraunarverkefni á sínum tíma en er nú orðið fast verklag við vinnslu heimilisofbeldismála.

Starfsmenn barnaverndar vinna í nánú samstarfi við Barnaverndarstofu. MST-meðferðarúræðið er fjölkerfameðferð fyrir unglínga og fjölskyldur þeirra hefur vaxið með hverju árinu og samdóma álit aðila að sú þjónusta hafi almennt skilað góðum árangri. MST er úrræði sem Barnaverndarstofa innleiddi árið 2016 í umdæmi nefndarinnar. Samstarf barnaverndar og Barnahúss var einnig viðamikilið á árinu eins og undanfarin ár en sérfræðingur Barnahúss var með reglulega viðveru í húsakynnum fjölskyldusviðs og veitti meðferðarviðtöl. Þá var unnið að því í samvinnu við Barnahús og fleiri aðila að koma á fót útibúi Barnahúss hér á Akureyri til að þjónusta Norðurland. Markmiðið með slíku útibúi var að færa þjónustu við börn nær heimabyggð með þeim hætti að bæði könnunarviðtöl, skýrslutökur lögreglu og meðferð færi fram í slíku útibúi. Áður en árið var liðið var orðið ljóst að stofnun slíks útíbús yrði að veruleika.

Innleiðing á nýju verklagi við könnun mála sem ber heitið Ester var fest í sessi á árinu og notað í auknum mæli í barnaverndarmálum.

Samstarf við forvarna- og frístundadeild samfélagssviðs var töluvert á árinu eins og undanfarin ár, m.a. í gegnum úrræði Skólasmiðjunnar þar sem sæti eiga fulltrúar forvarna- og frístundadeildar, barnaverndar

og skólajónustu. Þá má nefna samstarf við forvarnarfulltrúa í málum unglunga sem sýna einkenni andfélagslegrar hegðunar. Á árinu var gerð tilraun með hópastarf fyrir ungmenni kallað „Migið í saltan sjó“ í samvinnu Virkisins á vegum forvarna- og frístundadeildar við Hollvínafélagið Húna og barnavernd á fjölskyldusviði. Ýmsar hindranir urðu á veginum á meðan verið var að keyra verkefnið áfram en þeir krakkar sem tóku þátt létu vel af og að mati þeirra sem að verkefninu komu þótti tilefni til að þróa verkefnið áfram.

Fundir barnaverndarnefndar

Barnaverndanefnd hélt 13 fundi á árinu, tveimur færri en árinu áður. Alls voru málefni 23 barna til umfjöllunar á þessum fundum, alls 47 sinnum. Í 12 tilvikum komu foreldrar barna á fund nefndarinnar, sumir á fleiri en einn fund og í tvö skipti komu fósturforeldrar fyrir nefndina. Úrskurðað var um vistun þriggja barna utan heimilis á árinu en í málum tveggja barna náðist samkomulag um vistun áður en til úrskurðar þurfti að grípa. Þá var í máli fjögurra fósturbarna úrskurðað um umgengni við kynforeldra.

Nefndin átti aðild að málum fimm barna fyrir Héraðsdómi og staðfesti dómurinn kröfu um forsjársviptingu yfir tveimur þeirra fyrir lok ársins. Landsréttur fjallaði um málefni þriggja barna á árinu. Staðfesti dóm um forsjársviptingu í tveimur þeirra og staðfesti réttmæti fósturráðstöfunar í máli eins fósturbarns.

Annað

Árið 2018 var eins og síðustu ár nokkuð erilsamt hjá barnaverndarnefnd og starfsmönnum hennar. Fjöldi virkra barnaverndarmála var sami og á árinu á undan og efni tilkynninga alvarlegri og viðvarandi áhyggjur eru af vaxandi vímuefnaneyslu foreldra sem bitnar á umönnun barna og öryggi þeirra. Fleiri mál hafa verið að koma fyrir nefndina síðustu ár og mun fleiri börn eru vistuð utan heimilis til lengri eða skemmri tíma.

Vaxandi þungi hefur verið í barnaverndarmálum undanfarin ár og var lögð áhersla á styrkingu mannafla í barnaverndinni sem svo var samþykkt í lok árs. Þá var lögð nokkur vinna í það að afla gagna um einskonar fjölnota fjölskylduhús til að svara þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og faglegri greiningu og meðferð í heimabyggð og fækka þar með mögulega tímabundnum og varanlegum fósturráðstöfunum.



4 Félagsþjónusta

Hlutverk félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi. Þjónustan er í formi almennrar eða sérhæfðrar ráðgjafar og félagslegra úrræða. Unnið er eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks.

Ráðgjöfin sem stendur til boða er:

- ★ Félagsleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengnismála.
- ★ Ráðgjöf vegna fjármála og fjárhagsaðstoð.
- ★ Ráðgjöf vegna áfengis- og vímuefnavanda.
- ★ Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu.
- ★ Sérhæfð ráðgjöf/þjónusta vegna fötlunar.

Úrræðin sem félagsþjónustan hefur upp á að bjóða eru: fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, sérstakur húsnæðisstuðningur, virkni- og atvinnuúrræði, stuðningsfjölskyldur fyrir börn og auk þess getur félagsþjónustan vísað í Öskjuna fjölskyldustuðning.

4.1 Almenn félagsþjónusta

Félagsleg ráðgjöf

Markmið félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis félagsleg réttindi og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Öll félagsleg ráðgjöf miðar að hjálp til sjálfshjálpar, þannig að einstaklingurinn geti sem best notið sín í samfélaginu. Verkefni félagslegrar ráðgjafar eru til dæmis ráðgjöf vegna fjölskyldumála, fjárhagsvanda, húsnæðisskorts, vímuefnaneyslu, skilnaðar, sjúkdóma, slysa, fötlunar, atvinnuleysis eða öldrunar.

Margt af því sem að ofan er talið kallar einnig á stuðning og því er ráðgjöfin oft samofin margþættum stuðningi. Til þess að stuðningurinn skili sem mestum og bestum árangri er áhersla lögð á samvinnu við önnur svið bæjarins og stofnanir. Má þar nefna samvinnu við fræðslusvið, búsetusvið, HSN á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk), VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Vinnumálastofnun og SÁÁ. Samstarf í einstaklingsmálum fer fram í samráði við og með samþykki viðkomandi einstaklings og er oft lykilatriði í því að ná samfellu og árangri.

Ekki er til nákvæm talning á þeim erindum sem berast til fjölskyldusviðs eða hvernig þau skiptast. Til að fá nokkra mynd af þeim var tekið tveggja mánaða úrtak og skoðuð þau erindi sem bárust í viðtölum. Í köflunum sem fylgja hér á eftir er gert ráð fyrir að hlutfallið sé nokkuð jafnt á milli mánaða og tölfræði miðast út frá því. Hins vegar voru þau erindi sem bárust með öðrum hætti ekki skoðuð s.s. í gegnum símatíma eða tölvupóst en í flestum tilfellum er þá um fjárhagsaðstoð að ræða.

Ráðgjöf vegna fjölskyldumála

Ráðgjafar í félagsþjónustu veita foreldrum og forráðamönnum ráðgjöf og stuðning vegna uppeldis barna og unglinga. Ráðgjöfin er oft veitt í samvinnu við þjónustu í öðrum málaflokkum, bæði skólaþjónustu fræðslusviðs og barnavernd. Auk þess að veita ráðgjöf vegna barna er einnig veitt önnur ráðgjöf er snýr að samskiptum í fjölskyldu. Gera má ráð fyrir að fjöldi slíkra viðtala hafi verið um 450.

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu

Einstæðir foreldrar sem hafa engan eða lítinn stuðning frá hinu foreldrinu, hafa litla aðstoð af stórfjölskyldunni og búa við mikla félagslega erfiðleika geta að undangengnu mati ráðgjafa fengið stuðningsfjölskyldu tvo sólarhringa í mánuði. Markmiðið með stuðningsfjölskyldum er að hvíla foreldra og veita börnunum tilbreytingu við þroskavænleg skilyrði. Á árinu fengu 13 börn stuðningsfjölskyldu samanborið við 15 börn árinu áður og voru það níu fjölskyldur sem tóku börnin til sín. Fimm börn biðu eftir þjónustu í árslok.

Ráðgjöf vegna fjármála

Ráðgjöf og leiðbeiningar vegna fjármála miða að því að aðstoða fólk við að koma fjármálum sínum í betra horf. Það getur falist í því að skoða hvernig hægt er að auka tekjur og/eða minnka útgjöld, upplýsa um og aðstoða við að sækja rétt sinn hjá öðrum aðilum svo sem sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum, Tryggingastofnun eða Vinnumálastofnun. Ráðgjöfin getur einnig falist í aðstoð við að skoða neysluvenjur og í leiðbeiningum um úrræði vegna skulda og greiðsluvanda.


Þegar sótt er um fjárhagsaðstoð er alla jafna einnig veitt ráðgjöf vegna fjármála en gera má ráð fyrir að árið 2018 hafi 138 sinnum verið veitt ráðgjöf vegna fjármála án þess að umsókn um fjárhagsaðstoð hafi verið gerð.

Vinumarkaðsúrræði

Í allri ráðgjöf varðandi fjárhagsaðstoð er vinnufærni metin í samvinnu við umsækjanda. Í kjölfarið er reynt að finna rétt úrræði og veita viðeigandi aðstoð til að leita að vinnu eða takast á við veikindi. Á árinu má gera ráð fyrir að veitt hafi verið ráðgjöf vegna atvinnumála 96 sinnum.


Mikil áhersla hefur verið lögð á að finna viðeigandi vinnutengd úrræði fyrir vinnufæra einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð. Einstaklingar sem ekki eru vinnufærir og/eða þurfa endurhæfingu til að endurheimta vinnugetu sína eru aðstoðaðir við að fá hjálp innan heilbrigðiskerfisins. Í þeim tilvikum er mikið og náið samstarf við VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Geðdeild SAK og HSN á Akureyri.

Atvinnuáttak Akureyrarbæjar er ætlað þeim sem ekki eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun og fá fjárhagsaðstoð frá fjölskyldusviði. Í stað þess að greiða fjárhagsaðstoð er þessum einstaklingum boðin vinna á ýmsum sviðum bæjarins. Á árinu var kr. 11.182.301 varið í verkefnið sem er rúmur tveimur milljónum lægri upphæð en árið á undan. Níu einstaklingar nýttu sér atvinnuátakið til lengri eða skemmri tíma.



Mynd 5

Á mynd 5 má sjá hversu margir voru í sérstaka atvinnuátakinu hvert ár frá 2016 en frá 2015 hafa 35 einstaklingar verið í vinnu þar á þessum árum. Á mynd 6 má sjá að 12 fengu fastráðningu í kjölfarið, fjórir unnu sér inn rétt til atvinnuleysisbóta, tíu einstaklingar fóru aftur á framfærslu, ekki er vitað um þrjá og einn fór á sjúkradagpeninga/endurhæfingu. Rétt er að taka fram að um áramót voru fimm í sérstaka atvinnuátakinu og því aðeins getið um 30 einstaklinga á þessari mynd.



Mynd 6

Atvinnuástand í landinu hefur skánað mikið og því hefur verið reynt að koma sem flestum í vinnu í gegnum Vinnumálastofnun en atvinnuátakið hentar þeim sem þurfa að geta sannað sig á vinnumarkaði eftir langvarandi fjarveru og/eða hafa ekki reynslu af vinnumarkaði. Undanfarið hefur þeim fjölgað í sérstaka atvinnuátakinu sem ekki tala íslensku og hafa litla reynslu af íslenskum vinnumarkaði og geta því ekki fengið meðmæli frá fyrrum vinnuveitanda. Því hefur einstaklingum sem eru með erlent ríkisfangað fjölgað mikið í þessum hópi.

Fjölsmiðjan

Fjölsmiðjan á Akureyri er vinnusetur fyrir ungt fólk 16-24 ára sem hvorki er í skóla né vinnu. Á vinnustaðnum er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnu og námi þannig að ungmennin geti betur tekið ákvörðun um framtíð sína að lokinni veru sinni þar. Að Fjölsmiðjunni standa auk Akureyrarbæjar, Rauði Krossinn, Vinnumálastofnun, Eining-Iðja og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Ungmennin fá greidd laun fyrir vinnu sína og var greitt til Fjölsmiðjunnar vegna 35 einstaklinga sem þar störfuðu.

Ráðgjöf vegna áfengis- og vímuefnavanda

Neysla áfengis og annarra vímuefna er í sumum tilfellum stór vandi þeirra er leita til félagsþjónustunnar. Þeir einstaklingar eiga oft erfitt með að halda atvinnu og eru ekki gjaldgengir í endurhæfingu og þjónustu t.d. hjá Virk fyrr en hálfu ári eftir að neyslu lýkur. Því er oft mikið og náið samstarf við þær stofnanir sem veita meðferð s.s. SÁÁ, geðdeildir, Krýsuvíkursamtökin, Samhjálp og fleiri. Í mörgum tilfellum eru einstaklingar aðstoðaðir við að komast í meðferð og reynt að veita stuðning eftir að meðferð lýkur.

Á síðasta ári var bætt við í þess þjónustu eins og áður kemur fram. Á árinu má gera ráð fyrir að ráðgjöf vegna neyslu hafi verið veitt í 384 skipti.


Nauðungarvistun

Ef einstaklingur er það andlega veikur að hann telst hættulegur sjálfum sér eða öðrum er hægt að óska eftir að hann verði lagður inn nauðugur á sjúkrahús í allt að 21 dag. Einungis félagsþjónustur sveitarfélaga geta óskað eftir nauðungarvistun. Er það gert þegar það er talið réttmætt eftir tilmælum frá aðila sjálfum, vandamönnum, vinum hans eða vitneskja fengist um hag einstaklingsins með öðrum hætti.

Á árinu var fjórum sinnum óskað eftir nauðungarvistun sem er svipað og undafarin ár og einu sinni var óskað eftir sjálfræðissviptingu.

Fjárhagsaðstoð

Árið 2018 voru útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar kr. 119.295.947 að teknu tilliti til endurgreiddra lána og annarra endurgreiðslna sem voru kr. 19.037.557. Fjárhagsaðstoð lækkaði lítillega eða um kr. 600.000 frá árinu 2017 og styrkþegum fækkaði. Þeir voru 318 samanborið við 340 árið 2017. Íbúar Akureyrar voru þann 1. desember 2018 alls 18.817 en hlutfall íbúa Akureyrarbæjar sem þáðu fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftar á árinu 2018 var 1,68%. Hlutfallið hélt áfram að lækka samanborið við fyrri ár, sjá mynd 7.



Mynd 7


Fjöldi barna 0-17 ára á heimilum sem þáðu fjárhagsaðstoð var 229 árið 2018 sem er 10 börnum fleiri en 2017. Árið 2018 var framfærslugrunnur til einstaklinga kr. 160.510 og til hjóna kr. 256.816, framfærslugrunnur er óháður því hvort barn eða börn búi á heimilinu en á móti eru greiðslur vegna barna s.s. barnabætur og barnalífeyrir ekki reiknaðar inn með tekjum umsækjenda.

Fjárhagsaðstoð – fjölskyldugerð

Fjölskyldugerð styrkþega í fjárhagsaðstoð 2018 má sjá í töflu 7 og þar er einnig staðan 2016 og 2017 til samanburðar og á mynd 8. Fram kemur að einhleypir karla eru enn fjölmennasti hópurinn 37%, en einstæðar mæður koma þar á eftir eða 30% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð.

Fjölskyldugerð	2016	2017	2018
Einstæðir foreldrar	110	96	100
Einhleypir	216	212	201
Hjón með börn	26	26	15
Barnlaus hjón	7	6	2
Samtals	359	340	318

Tafla 7




Mynd 8

Fjárhagsaðstoð – atvinnustaða

Í töflu 8 og á mynd 9 er atvinnustaða styrkþega í fjárhagsaðstoð 2018 borin saman við stöðuna árin 2016 og 2017. Þar má sjá að hlutfall sjúklinga er 24% og hefur ekki breyst frá árinu 2017 en hlutfall öryrkja og atvinnulausra án bótaréttar er einnig jafn hátt eða 19% árin 2017 og 2018. Þeir styrkþegar sem tilheyra hópnem sjúklingar eru í langflestum tilfellum einstaklingar á bið eftir örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Í heildina eru ekki miklar breytingar á atvinnustöðu. Það skal tekið fram að allir einstaklingar í Fjölsmiðjunni hafa atvinnustöðuna „í fullu starfi“ og eru þar með stærsti hluti þess hóps.

Atvinnustaða	2016	2017	2018
Í fullu starfi	50	40	40
Í hlutastarfi	14	18	23
Atvinnulausir með bótarétt	36	29	28
Atvinnul. án bótaréttar	83	83	61
Ellilífeyrisþegar	5	4	10
Sjúklingar	83	80	77
Heimavinnandi	2	0	3
Nemar	8	10	11
Öryrkjar	70	65	59
Annað t.d. fólk í fæðingarorlofi	8	11	6
Samtals	359	340	318


Tafla 8




Mynd 9

Þróun fjárhagsaðstoðar

Samþykktum umsóknum í fjárhagsaðstoð fjölgaði um 60 milli árunum 2017 og 2018. Þær fóru úr 1157 í 1217. Samþykktar umsóknir á hvern styrkþega eru aðeins færri en árið áður.




Mynd 10



Mynd 11

Styrkþegum fækkar milli ára eins og áður hefur komið fram og hafa ekki verið færri síðan 2007 og útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar lækka milli ára. Meðaltals heildargreiðsla til hvers styrkþega stendur nánast í stað á milli ára eins og sjá má á mynd 11.

Á mynd 12 má sjá þróun útgjalda í fjárhagsaðstoð framreiknað frá 2007 til 2018 miðað við vísitölu launa í júlí hvers árs. Þar kemur fram að útgjöld hafa náð hámarki 2013 -2014 og síðan þá hafa þau farið lakkandi.




Mynd 12

Aldursskipting styrkþega

Nokkur breyting er á aldursskiptingu styrkþega í fjárhagsaðstoð á árunum 2016-2018 eins og sjá má í töflu 9 og á mynd 13. Þannig fækkar hlutfallslega í hópi þeirra sem eru yngri en 20 ára en fjölgar hlutfallslega í hópnum 21-25 ára sem er nokkuð áhyggjuefni. Aðeins 1% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eru eldri en 68 ára og þess má geta að algengasta ástæða aðstoðar til 68 ára og eldri er vegna útfararkostnaðar.

Skipting eftir aldri	2016	2017	2018
20 ára og yngri	15%	14%	12%
21-25 ára	18%	17%	21%
26-67 ára	65%	68%	65%
68 ára og eldri	1%	1%	2%
Samtals	100%	100%	100%


Tafla 9



Mynd 13

Grunnframbærsla og aðstoð skv. heimildakafla


Fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum velferðarráðs Akureyrarbæjar skiptist í tvo hluta, annars vegar í frambærslu sem jafnframt er stærsti hlutinn og hins vegar í greiðslu samkvæmt svokölluðum heimildakafla. Frambærsla var á árinu 2018 alls 63% af heildarfjárhagsaðstoð, viðbótarframbærsla var óverulegur hluti eða 0,3% en greiðslur úr heimildakafla voru 36%. Greiðslur skv. heimildakafla eru af ýmsu tagi og má þar nefna: greiðslur til foreldra vegna barna á þeirra frambæri, greiðslur vegna lyfja- og lækningakostnaðar, lán vegna tryggingargjalds í íbúð og kostnað vegna endurhæfingar. Greiðslur til Fjölsmiðju falla einnig undir heimildakafla og það gera einnig námsstyrkir og jólastyrkir (sérstök fjárhagsaðstoð í desember).



Mynd 14

Fjárhagsaðstoð um lengri eða skemmri tíma


Flestir sem fá fjárhagsaðstoð eru í tímabundnum erfiðleikum og þurfa aðeins fjárhagsaðstoð í einn til tvo mánuði. Á mynd15 má sjá hversu marga mánuði hver einstaklingur/fjölskylda fékk fjárhagsaðstoð á árunum 2016-2018. Alls voru skráðir 614 einstaklingar/fjölskyldur á þessum 36 mánuðum.



Mynd 15


Eins og sjá má á mynd 15 fengu flestir aðstoð í einn til þrjú mánuði eða 353 af samtals 614 einstaklingum. Af þeim 353 fengu 204 aðstoð í einn mánuð, 99 í tvo mánuði og 55 í þrjú mánuði. Einungis 12 fengu aðstoð lengur en í 24 mánuði á tímabilinu.

Af þeim sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2018 höfðu 50% einnig fengið aðstoð árið áður á mótí 45% árið 2017. Fjöldi þeirra sem fengu aðstoð í meira en 10 mánuði 2018 voru 19.



Mynd 16

Á mynd 16 sést hversu marga mánuði hver einstaklingur fékk fjárhagsaðstoð á árinu 2018.




Mynd 17

Þjónusta við nágrennasveitarfélög

Nágrennasveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur eru aðilar að samningi um ráðgjafarþjónustu við Akureyrarbæ. Íbúar þessara sveitarfélaga sækja sér ýmsa þjónustu til fjölskyldusviðs skv. þeim samningi s.s. félagslega ráðgjöf og einnig er tekið við og unnið úr umsóknum um fjárhagsaðstoð.

Fjöldi þeirra sem sótti sér slíka þjónustu árið 2018 var 17 sem er fjölgun frá árinu 2017 sem þá voru 12. Umsóknum um fjárhagsaðstoð fjölgaði í nágrennasveitarfélögunum á milli árunna 2017 og 2018, en þær fóru úr 45 í 53.



Mynd 18

Húsnæðismál

Með rekstri leiguíbúða tryggir Akureyrarbær framboð af leiguhúsnæði til handa einstaklingum og fjölskyldum sem ekki hafa kost á að afla sér húsnæðis með öðrum hætti. Í árslok 2018 voru 120 á umsóknarlista eftir íbúð hjá Akureyrarbæ sem er einum færri en áramótin á undan er 121 var á listanum. Auk þess óskuðu 19 eftir flutningi innan kerfisins í hentugra húsnæði sem er fækkun um einn frá áramótunum á undan. Skipting umsókna eftir stærð íbúðar má sjá í töflu 10.

Stærð íbúða	Nýjar umsóknir	Umsóknir um flutning	Samtals umsóknir	Áætlaður biðtími
2 herbergja	71	8	79	4 ár
3 herbergja	26	3	29	1,5 ár
4 herbergja	19	3	22	1,5 ár
5 herbergja	5	6	11	óvíst
Samtals	121	20	141	

Tafla 10

Á biðlista eftir 2ja herbergja íbúð eru 5 umsóknum færri en voru fyrir ári síðan, en þeim sem óska eftir flutningi í 2ja herbergja íbúð hefur fjölgað um þrjá. Fjölgun hefur verið á umsóknarlista eftir 3ja herbergja íbúð um 11 manns. Á 4ra herbergja lista hefur umsóknum fækkað um sjö á árinu. Á 5 herbergja listanum hefur umsóknum fækkað úr 11 í sjö, en það er vegna fækkunar á umsóknum um flutning.

Í töflu 11 má sjá þróun biðlista frá áramótum 2016 fyrir utan þá sem sækja um flutning. Fækkun hefur verið á umsóknarlistanum á milli ára.

Herbergjafjöldi	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2018
2 herbergja	105	83	71	66
3 herbergja	30	28	26	36
4 herbergja	23	27	19	12
5 herbergja	5	5	5	6
Samtals	163	143	121	120

Tafla 11

Á árinu 2018 bárust 104 nýjar umsóknir um leiguíbúð hjá Akureyrarbæ. Árið 2017 bárust 93 nýjar umsóknir. Af þeim umsóknum sem bárust 2018 voru 64 samþykktar en 40 umsóknum var synjað þar sem skilyrði voru ekki uppfyllt eða nauðsynlegum gögnum ekki skilað. Einnig bárust 15 umsóknir um flutning. Af þeim voru 12 samþykktar en þremur var synjað þar sem ekki var talið að um ríkar ástæður hafi verið að ræða. Til samanburðar voru 55 umsóknir samþykktar af þeim 93 nýju umsóknum sem bárust árið 2017, en 38 umsóknum hafnað. Það ár bárust sjö umsóknir um flutning, en fjórar þeirra voru samþykktar en þremur var hafnað.

Á árinu 2018 fengu 43 umsækjendur úthlutun. Sex höfðu úthlutun af mismunandi ástæðum. Leigjendaskipti voru 42 á árinu 2018 þar sem fimm íbúðir voru í viðhaldi um áramót og voru afhentar snemma árs. Til samanburðar fengu 49 umsækjendur úthlutun árið 2017, þar sem 48 samþykktu en aðeins einn hafnaði. Leigjendaskipti voru árið 2017 alls 43, en árið 2016 voru þau 40. Fjöldi leiguíbúða Akureyrarbæjar er nú 315 með 342 eignarhlutum. Til eignarhluta í þessum skilningi teljast íbúðir og herbergi á þjónustukjörnum. Á árinu festi Akureyrarbær kaup á fimm tveggja herbergja íbúðum fyrir fatlað fólk. Áður var bærinn með íbúðirnar á leigu. Tvær íbúðir voru teknar í notkun sem sértæk úrræði fyrir fólk með áfengis- og/eða vímuefnavanda, en íbúðirnar eru í húsi sem keypt var vegna skipulagsmála. Loks voru teknar í notkun tvær nýjar íbúðir sem keyptar voru fyrir fatlaða einstaklinga og komu í staðinn fyrir íbúðir sem bærinn hafði áður á leigu.

Íbúðastærð	Leiguíbúðir almennar	Leiguíbúðir Hrísey	Leiguíbúðir Grímsey	Leiguíbúðir fyrir fatlaða	Leiguíbúðir F.É.S.T.A	Leigðar íbúðir v/ fatlaðs fólks	Samtals
1 herbergi	1			26			27
2 herbergi	112	4		33	5	9	163
3 herbergi	83	4		1	4	1	93
4 herbergi	46	1	3				50
5 herbergi	6	1					7
6 herbergi				2			2
Samtals	248	10	3	62	9	10	342

Tafla 12

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Akureyrarbær greiðir út sérstakan húsnæðisstuðning, sem er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur. Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

Á árinu 2018 barst 191 umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning. Af þeim voru 133(69,6%) samþykktar, en 58 (30,4%) var synjað. Árið 2017 bárust 509 umsóknir til samanburðar. Ástæðan fyrir því að mun fleiri umsóknir bárust árið 2017 er sú að stuðningsformið var þá á sínu fyrsta ári. Af heildarfjölda umsókna það ár voru 69,5% umsókna samþykktar, en 30,5% synjað. Hlutfall samþykktra umsókna hélst þannig nánast eins milli ára.

Meðalfjöldi samþykktra umsókna á árinu 2018 var 267. Eftir verulega hækkun á tekju- og eignaviðmiðum í mars 2018 var meðalfjöldi samþykktra umsókna 274. Til samanburðar var meðalfjöldi samþykktra umsókna á árinu 2017 alls 230. Þannig fjölgaði stuðningsþegum mikið á milli ára.

Meðalupphæð á hverja samþykka umsókn árið 2018 var 23.519 kr.-, en árið 2017 var meðalupphæð á hverja samþykka umsókn að upphæð kr. 18.936.

4.2 Sérhæfð félagsþjónusta

Auk almennrar ráðgjafar sinnir félagsþjónustan sérstakri ráðgjöf vegna fatlaðra barna og fullorðinna. Um er að ræða einstaklinga þar sem almenn úrræði hafa ekki reynst nægjanleg og leita hefur þurft eftir úrræðum er sérstaklega eru ætluð fötluðu fólki skv. lögum. Mikil samvinna er við búsetusvið sem veitir mörgum þessara einstaklinga viðamikla þjónustu. Um það bil 430 einstaklingar, börn og fullorðnir, eru á skrá yfir þá sem hafa fengið einhverja þjónustu vegna fötlunar.

Samþætting þjónustu/teymisvinna

Samvinna fagaðila sem koma að þjónustu við fatlað fólk er mikilvæg og samþættingu er beitt í auknum mæli. Fjölskyldur og hin ýmsu kerfi sveitarfélagsins vinna saman að því að útbúa heppilega lausn fyrir hvern og einn.

Þegar þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra er komið á er unnið í teymisvinnu. Hún felur í sér að allir aðilar sem koma að hverju barni vinna saman. Reglulega er fundað og miðast fjöldi teymisfunda við þarfir barnsins, fjölskyldu þess og meðferðaraðila. Um getur verið að ræða fundi sem eru tvisvar til þrisvar á ári eða að aðilar hittist einu sinni í mánuði.

Teymisvinna heldur í mörgum tilfellum áfram þegar ungmenni fara í framhaldsskóla og hefur verið að aukast síðustu ár, sérstaklega í þeim málum þar sem um flóknar þjónustuþarfir er að ræða. Teymisvinna í málefnum fullorðins fólks hefur einnig verið skipulögð og í seinni tíð hafa sífellt fleiri mál verið unnin þannig. Þjónustuþeginn, eða fulltrúi hans, taka þátt í þessari samvinnu eins og hægt er. Teymisvinna í kringum ákveðna tegund þjónustu, s.s. búsetuþjónustu eða heimili með umfangsmikla þjónustu, er einnig til staðar.

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langavarandi stuðningsþarfir sem tóku gildi á árinu munu verða til þess að enn frekar verði fest í sessi vinnubrögð þar sem þjónustuteymi verða starfandi í kring um málefni einstaklinga með flóknar þjónusturþarfir auk þess sem málástjóri mun bera ábyrgð á að teymi starfi eftir þeim markmiðum sem það hefur sett.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldusviðs og búsetusviðs. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á árinu 2018 voru gerðir sambærilegir samningar og árið áður, alls fimm samningar vegna sex einstaklinga. Um er að ræða þrjá fullorðna og þrjú börn.

Í lok árs 2018 var notendastýrða persónulega aðstoð lögfest (NPA) og í kjölfar þess auglýsti félagsþjónusta Akureyrar eftir umsóknum um NPA. Þrjár einstaklingar sóttu um þessa þjónustu og verða gerðir við þá samningar.

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Í kjölfar lögfestingarinnar vinnur Velferðarráðuneytið að gerð ferla og handbókar til að auðvelda sveitafélögum og notendum þá vinnu sem tengist þessu þjónustuformi.

Sérstök ráðgjöf vegna fötlunar

Fatlaðir einstaklingar eiga rétt á sérhæfðri ráðgjöf hjá félagsþjónustunni. Ráðgjöfin snýr að ýmsu því sem varðar búsetu, fjármál, atvinnumál, uppeldismál og önnur persónuleg mál. Milli 90-100 einstaklingar og fjölskyldur þeirra voru í tengslum við ráðgjafa á fjölskyldusviði á árinu og fengu sérhæfða ráðgjöf.

Áhersla hefur verið lögð á að fatlað fólk sem fær þjónustu á heimili sínu eigi tengilið á fjölskyldusviði þar sem viðkomandi getur komið óskum sínum um aðstoð og annað í daglegu lífi á framfæri. Ráðgjafinn er í mikilli samvinnu við búsetusvið. Síðari ár hefur samvinna við réttindagæslumann fatlaðra aukist jafnt og þétt. Ráðgjafar í málefnum fatlaðs fólks veita öðrum sviðum og þjónustustofnunum bæjarins ráðgjöf varðandi þarfir og aðstoð auk þess sem mikil samvinna er við aðrar stofnanir, bæði á Akureyri og annars staðar á landinu.

Eins og áður hafa starfsmenn fjölskyldusviðs tekið þátt í verkefni á landsvísu sem snýr að samskiptum kynjanna. Unnið er út frá kennsluefninu „Verum örugg“ sem María Jónsdóttir, félagsráðgjafi bjó til og hefur gefist vel. Ungt fatlað fólk sem sækir ráðgjöf á fjölskyldusvið fær fræðslu út frá efninu þar sem mikil áhersla er lögð á kynheilbrigði og samskiptareglur. Að auki hafa sjö einstaklingar fengið víðtæka fræðslu og kennslu út frá sama kennsluefni á sl. ári.

Snemmtæk íhlutun

Á fjölskyldusviði er unnið eftir hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar er varðar ung börn, hvort sem er að ræða fötlun, fyrirbura eða annan þann vanda sem veldur álagi í fjölskyldum. Oft er stuðningur tímabundinn en þegar um fötlun er að ræða heldur stuðningurinn áfram eins lengi og þarf. Fyrstu kynni foreldra fatlaðra barna af þjónustunni og þeim aðilum sem veita hana skiptir miklu og þess vegna er sérstök áhersla lögð á þennan hluta hennar.

Á árinu fengu 12 börn og fjölskyldur þeirra snemmtæka íhlutun í heimahúsi miðað við átta árið á undan. Þessi fjölgun sem hefur orðið síðustu ár er aðallega vegna breytts vinnulags en reynt er að grípa inn í með aðstoð þó ekki sé um staðfesta fötlun að ræða.


Til að ná sem best til allra barna og auka möguleika á að finna börn með sérþarfir eru reglulegir samráðsfundir við barnadeild Sjúkrahússins á Akureyri og mikil samvinna er við Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra.

Umönnunarmat

Framfærendur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldusviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi

umönnunarmat fyrir fötluð börn. Einnig aðstoðar sviðið einstaka foreldra annarra barna við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat.

Í desember 2018 voru á skrá hjá fjölskyldusviði 171 fjölskylda með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barns. Um er að ræða sama fjölda og 2017, sjá mynd 22.



Mynd 19

Flest börnin eða 156 búa á Akureyri en 15 í öðrum sveitarfélögum á þjónustusvæðinu, sjá töflu 13.

Umönnunarflokkar	1	2	3	4	Alls
Akureyri	8	52	77	19	156
Eyjafjarðarsveit	1	3	2		6
Grýtubakkahreppur			1		1
Hörgársveit			2	1	3
Svalbarðsstrandahreppur		1	4		5
Samtals	9	56	86	20	171

Tafla 13

Fötluð börn raðast í fjóra umönnunarflokka fyrsta, annan, þriðja og fjórða flokk þar sem mest fötluðu börnin eru í flokki eitt. Í 4. flokki eru börn sem metin eru í sambærilegri stöðu og börn í 3. flokki eða bíða frekari greiningar á Greiningarstöð.

Þegar skoðuð er þróun síðustu sjö ára í skiptingu umönnunarflokka sést að það fækkar börnum í 2. flokki en fjölgar í 3. flokki og í þeim fjórða. Árið 2011 voru börn í 4. flokki ekki talin með en breytt vinnulag Tryggingastofnunar gerir það að verkum að börn sem áður hefðu farið í 3. flokk og þurfa þjónustu úr málaflokki fatlaðra eru nú í 4. flokki og eru talin með sem fötluð á þessu svæði, sjá töflu 13 Þessi breyting er ekki til bóta því hún getur haft áhrif á framkvæmd þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og er til þess fallin að búa til misræmi á landsvísi þar sem skilgreiningar á því hvaða börn fá þjónustu helst oft í hendur við þessa flokkun. Þessar breytingar geta kallað á það að skilgreina þurfi upp á nýtt rétt á þjónustu og ekkert víst að það verði gert eins alls staðar á landinu.

Umönnunarbætur þróun 2012 - 2018							
Flokkur/ár	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
1	7	6	7	8	9	9	9
2	66	65	64	60	58	56	56
3	67	65	74	85	85	89	86
4	6	9	12	15	18	17	20
Samtals	146	145	157	168	170	171	171

Tafla 14

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur eru í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Markmiðið er að létta álagi á fjölskyldur fatlaðra barna og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

Fötluð börn geta oft á tíðum síður en önnur börn nýtt sér almenn tilboð á sviði íþróttá og tómsunda. Með því að veita börnum og fjölskyldum þeirra stuðningsfjölskyldu er reynt að rjúfa þá félagslegu einangrun sem fötlun barns í fjölskyldu getur haft í för með sér. Einnig gefur stuðningsfjölskylda börnunum tækifæri til að upplifa það að gista hjá vinum eins og börn almennt upplifa í nærumhverfi sínu.

Þörf fyrir stuðningsfjölskyldu er metin í hverju tilfalli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarpunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna. Við val á stuðningsfjölskyldu er tekið mið af þörfum fatlaða barnsins. Gerðir eru verktakasamningar við stuðningsfjölskyldur.

Á árinu 2018 voru 32 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði, sjá töflu 15. Alls voru veittir 978 sólarhringar í þessa þjónustu, sjá töflu 16. Miðað við árið á undan er um talsverða fjölgun sólarhringa að ræða og fleiri börn sem nutu þjónustunnar. Í árslok voru átta börn á bið eftir þjónustu og er ástæðan skortur á fjölskyldum sem eru tilbúnar að taka þetta hlutverk að sér.

Stuðningsfjölskyldur - þjónustusólarhringar	Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu		
	2016	2017	2018
Þjónustuflokkur I	296	477	380
Þjónustuflokkur II	245	182	248
Þjónustuflokkur III	327	264	350
Alls	868	923	978

Tafla 15

Tafla 16

Styrkir til náms og tækjakaupa

Styrkir til náms og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Styrkir til greiðslu námskeiðs- og skólagjalda voru látnir ganga fyrir styrkjum til tækjakaupa. Alls bárust 15 gildar umsóknir, 10 vegna námskostnaðar og fimm vegna tækjakaupa frá 14 einstaklingum. Greiðsla vegna umsókna frá fyrra ári var vegna fjögurra einstaklinga að auki. Úthlutað var kr. 1.450.198 sem var á áætlun skv. fjárhagsáætlun.



5 Þjónustudeild

Undir þjónustudeild heyrir sú starfsemi sviðsins sem veitir þjónustu þvert á málaflokka, þ.e. skrifstofan og Askjan – fjölskyldustuðningur.

5.1 Skrifstofa fjölskyldusviðs

Á skrifstofu fjölskyldusviðs eru þrír starfsmenn, einn móttökuritari, skrifstofustjóri og sérfræðingur. Þeir sinna þjónustu við aðra starfsmenn sviðsins og þjónustuþega. Meðal verkefna er móttaka, símsvörun, bókhald og öll fjárhagsleg umsýsla. Launavinnsla og frágangur er varðar ráðningar á fólki er á verksviði skrifstofu auk greiðslu fjárhagsaðstoðar til skjólstaðinga félagsþjónustu. Skrifstofan ber ábyrgð á að skjalavistun sé í samræmi við lög, reglugerðir og skjalavistunaráætlun bæjarins. Hún hefur umsjón með þeim upplýsingum um fjölskyldusvið sem eru á heimasíðu Akureyrarbæjar og annast í samráði við aðra starfsmenn þróun rafrænna upplýsinga um starfsemina og heldur utan um gerð umsókna sem fer inn á gáttina. Mikið átak var gert á árinu í þökkun og frágangi gamalla skjala sem í gegn um tíðina hefur safnast upp. Skjalavistunaráætlun var unnin með skjalastjóra Akureyrarbæjar sem var mikilvægt skref í að skrásetja alla vinnslu og frágang er varðar vistun gagna sem verða til á fjölskyldusviði. Fyrstu drög að persónuverndaráætlun sviðsins lá fyrir í árslok.

5.2 Askjan

Askjan hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra. Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsókna inn á heimili. Starfsmenn eru þrír í 1,75 stöðugildi. Teymi starfsmanna þvert á málaflokka er starfandi og er hlutverk þess að halda utan um umsóknir, þróun þjónustunnar og halda utan um kynningastarf. Um er að ræða þróunarstarf sem allir hlutaðeigandi sinna af miklum metnaði. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni. Tilvísanir koma frá félagsþjónustu og barnavernd auk þess sem skólþjónustan á fræðslusviði hefur aðgang að Öskjunni og tekur þátt í þróun hennar. Málin eru misflókin. Þau mál sem koma frá barnaverndinni eru oftast tímafreakari en önnur í vinnslu og aðstoðin víðtækari. Mál sem taka styttri tíma í vinnslu eru t.d. heimili einhverfra barna þar sem foreldrar fá aðstoð við að setja upp sjónrænt skipulag sem snýr að þörfum barnsins. Einnig hafa starfsmenn haldið fjölskyldufundi og verið með handleiðslu við starfsfólk t.d. í heimaþjónustu sem vinnur inn á heimilum. Kynning á þjónustunni hefur verið haldin fyrir leikskólustarfsmenn, heilsugæslu og víðar.

Á árinu 2018 var hafin vinna í 33 málum og vinnslu lokið í 27 málum. Um er ræða mun fleiri mál en árið 2017. Lengd mála var að meðaltali 7,1 mánuðir þar sem stysta málið tók 2 mánuði en það lengsta meira en 24 mánuði. Í árslok voru 25 mál í vinnslu. Alls var unnið í 52 málum á árinu og voru fjórar fjölskyldur á biðlista um áramót.



FJÖLSKYLDUSVIÐ
AKUREYRARBÆJAR

6 Önnur starfsemi sviðsins

Starfsmenn sviðsins sóttu sér ýmsa fræðslu á árinu sem nýtist í starfi. Mikil sérþekking hefur orðið til hjá starfsfólki sviðsins um einhverfu og hafa viðkomandi aðilar staðið fyrir námskeiðum til þess að miðla þekkingu og aðferðum varðandi þjónustu við einhverf börn. Á árinu fóru þrjú starfsmenn sviðsins, auk starfsmanna frá búsetu- og fræðslusviði á námskeið þar sem þeir lærðu að verða leiðbeinendur í félagsfærni þjálfun fyrir einhverfa, börn og fullorðna.

Fjölskyldusvið tók þátt í verkefninu „Byggjum brýr, brjótum múra“ og tókum þátt í undirbúningi að stofnun Þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi í samvinnu við fjölda annarra stofnanna.

6.1 Lögfræðingur á fjölskyldusviði

Ráðið var í starf lögfræðings á fjölskyldusviði í maí 2018. Um var að ræða nýtt starf og hefur starfið verið í mótun og fengið að þróast eftir því hvar þörfin er mest.

Eitt fyrsta verkefni lögfræðings var að endurskoða ýmsar reglur sviðsins. Ber þar helst að nefna, reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála hjá starfsmönnum barnaverndarnefndar Eyjafjarðar, reglur barnaverndarnefndar Eyjafjarðar um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar, reglur um fjárhagsaðstoð, reglur um félagslegt húsnæði auk þess sem áform eru um að endurskoða frekar reglur sem tilheyra sviðinu.

Þá hafa ýmis eyðublöð verið tekin til endurskoðunar með tilliti til nýrra persónuverndarlaga. Beiðni um gögn frá félagsþjónustunni og barnaverndinni á grundvelli upplýsingalaga fara í gegnum lögfræðing sviðsins.

Ráðning lögfræðings hefur komið öllum deildum sviðsins vel það sem af er ári þar sem hann er álitsgjafi í hinum ýmsu málum sem snerta allar deildir sviðsins.

6.2 Notendaráð í málaflokki fatlaðra

Frá 1999 hefur félagsþjónustan haldið úti samráði við Þroskahjálp á Norðurlandi eystra. Á árinu 2016 var það samráð lagt niður. Í kjölfarið kom Akureyrarbær, með styrk frá Velferðarráðuneytinu, á fót notendaráð fyrir fatlað fólk. Þroskahjálp, Sjálfsbjörg á Akureyri og Grófinni var boðin þátttaka í ráðinu.

Á árinu 2018 voru haldnir fimm fundir þar sem margvísleg málefni voru rædd og kynnt ýmis þjónusta sem í boði er. Í lok árs var ljóst að skv. nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þurfti að breyta reglum um notendaráð og því ljóst að það ráð sem hafði starfað í tvö ár yrði sett af og nýtt stofnað á nýju ári. Það verður ánægjulegt að fylgjast með nýju ráði takast á við það verkefni að koma með ábendingar og fylgjast með nýjungum í þjónustu við fatlað fólk.

6.3 SIS mat

Samræmt mat á landsvísu, SIS mat, á þjónustupörfum fullorðins fatlaðs fólks var innleitt árið 2009 – 2010, þá sem rannsóknarverkefni. Síðan þá hafa flestir þeir sem eru með viðamikla þjónustu eða eru á biðlista eftir þjónustu farið í SIS mat. Á árinu 2018 voru 129 einstaklingar í þjónustu á fjölskyldu- eða búsetusviði með SIS mat, þar af 125 í 4. flokki eða hærri. SIS matið er þannig byggt upp að flokkarnir eru 12 og einnig er metin sérstök þjónustupörf vegna heilsu og atferlis (12A og 12B). Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag vegna þeirra sem metnir eru í flokka 5 – 12 en fram að árinu í ár var veitt framlag vegna þeirra sem metnir voru í flokka 4 – 12. Alls voru u.þ.b. 430 á skrá sem fengu einhverja sérhæfða þjónustu út frá lögum um málefni fatlaðs fólks. Þeir fullorðnu einstaklingar sem ekki hafa farið í SIS mat eru rúmlega 140. Ekki er gert ráð fyrir að allir sem fá sérhæfða þjónustu úr málaflokki fatlaðra fari í SIS mat.

Á árinu höfðu tæplega 70 fötluð börn á Akureyri farið í SIS mat sem verið er að staðla fyrir aldurs- hópinn 5 – 17 ára. Frekari vinnsla með upplýsingar úr því mati koma að öllum líkindum á næsta ári.

7 Skógarlundur

Í Skógarlundi er fötluðu fólki veitt þjónusta í formi hæfingar og iðju, sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðs fólks frá 1992. Þar segir „Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa sem og þátttöku í daglegu lífi.“ Markhópur Skógarlunda er fatlað fólk aldrinum 20 til 70 ára sem ekki hefur getu til að starfa á almennum vinnumarkaði.

Markmið Skógarlunda eru eftirfarandi:

- Að einstaklingur upplifi vellíðan og öryggi.
- Að efla og viðhalda frumkvæði einstaklings.
- Að einstaklingur sé í virkni
- Að efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklingsins.
- Að viðhalda og auka þá færni sem einstaklingur hefur náð.
- Að einstaklingur hafi möguleika á að útskrifist í starfsþjálfun.

Tölulegar staðreyndir um þjónustu fyrir árið 2018:

„Í Skógarlundi fengu 49 einstaklingar þjónustu á árinu 2018. Í árslok voru þeir 47 en 2 þjónustuþegar létust á árinu. Þjónustustundir voru 44.378 klukkustundir og fækkaði þeim frá árinu 2017. Ástæða fækkunar þjónustustunda er m.a. sú að margir notenda eru farnir að reskjust og orðnir getuminni.

Árið 2018 voru 20 starfsmenn í starfi í 16,34 stöðugildum. Þær starfsstéttir sem störfuðu í Skógarlundi þetta árið voru: þroskaþjálfar, iðjuþjálfar, myndmenntakennari, félagsliðar, sérfræðingur með háskólamenntun, og almennir starfsmenn.

Þjónustunotendur í Skógarlundi

Þjónustuþegar í Skógarlundinni er breiður hópur fólks með ólíkar þjónustuþarfir. Flestir þjónustunotendur árið 2018 voru með þroskaraskanir, en einnig var í þjónustu fólk með ákominn heilaskaða og fólk með einhverfu.

Flestir voru í þjónustu í fjórar klukkustundir á dag, utan einn sem var í þjónustu allan daginn. Einn er í þjónustu hálfan daginn í Skógarlundi og vinnur á PBI hálfan daginn. Einn er í þjónustu í tvo hálfra daga í Skógarlundi og þrjá hálfra daga á PBI. Annar er þrjá hálfan dag í Skógarlundi og tvo á PBI. Einn einstaklingur sem er eldri en 70 ára fær þjónustu í Skógarlundi.

Hugmyndafræði

Unnið er eftir hugmyndafræði TEACCH um skipulögð vinnubrögð og skynupplifun í báðum álmum hússins. Skipulögð vinnubrögð er hugmyndafræði ætluð fólki með einhverfu og öðrum með alvarlegar boðskiptahamlanir. Þar er gengið út frá því að nýta sjónræna styrkleika og því eru útbúnar myndrænar stundatöflur, rými er afmarkað á sjónrænan hátt og vinnukerfi útbúið eftir þörfum hvers og eins.

Hugmyndafræði Þjónandi leiðsagnar hefur verið innleidd í starfsemi Skógarlunda en þar er byggt á grunnhugmyndum um gagnkvæm tengsl og að við séum öll háð hvert öðru á einn eða annan hátt. Þjónandi leiðsögn gerir kröfur til þess að umönnunaraðili horfi inn á við og nýti það góða sem býr innra með hverjum manni og finni leiðir til að gefa af sér hlýju og skilyrðislausu umhyggju í garð annarra.

Pungamiðja þjónandi leiðsagnar er að þátttaka okkar í lífi annarra hefur þann megintilgang að kenna, hlúa að og viðhalda reynslu og upplifun þeirra af tengslum, vináttu og því að vera hluti af samfélaginu.

Allir einstaklingar eiga sína sögu, minningar, styrkleika og veikleika sem hefur áhrif á samskipti.

Þjónandi leiðsögn leggur áherslu á að horfa til styrkleika manneskjunnar og mæta henni með skilyrðislausri virðingu og umhyggju í öllum aðstæðum.

Yfirlit yfir starfsemi Skógalunda

Þvert á álmur fer fram hópastarf. Í hópunum fer fram minningavinna, lesstundir, boccia, tónlist og vettvangsferðir, svo eitthvað sé nefnt. Mikil áhersla er lögð á einstaklingsáætlanir og einstaklingsvinnu í starfinu, sem og útiveru, hreyfingu og hollari lífshætti.

Ákveðið var að flytja skynörvunarherberið á milli álma og verið er að þróa herbergið til betra horfs og hafa allir aðgang að því herbergi.

Frá miðju ári 2018 hefur Skógarlundur tekið þátt í nýsköpunarverkefni á vegum Velferðarráðuneytisins, Skógarlundar og Öldrunarheimila Akureyri. Markmið verkefnisins er að gefa fólki með fjölþættar raskanir tækifæri til að stunda atvinnu á almennum vinnumarkaði. Verkefnastjóri verkefnisins er frá Skógarlundi sem og þeir 3 fötluðu starfsmenn sem taka þátt og hefur verkefnið gengið vel.

Einnig var byrjað að vinna að auknu flæði fatlaðra starfsmanna Plastiðjunnar Bjargs og notenda þjónustunnar í Skógarlundi. Markmiðið með þessu felst m.a. í því að fólk á PBI eigi þess kost að koma í Skógarlund og taka þátt í skapandi starfi og á móti bjóðist notendum Skógarlundar með litla vinnugetu kostur á því að fara á PBI og sinna vinnutengdum verkefnum. Með þessu er m.a. vonast til að starfsmenn PBI kynnist skapandi starfi og muni í framhaldinu sækja sér frekari þekkingu og afþreyingu, til dæmis í Punktinum.

Eins og áður verður starfið í Skógarlundi í stöðugri þróun og tekur sú þróun mið af þörfum þeirra sem sækja þjónustuna og af hugmyndum í fötlunarfræðum.



Mynd: Skógarlundur

8 Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur

Starfsemi og hlutverk PBI

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. PBI er vinnustaður fyrir fólk sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum er með skerta starfsgetu. PBI starfar skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Meginuppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleitt er m.a. raflagnaefni, kerti, búfjármerki, mjólkursíur, diskapurkur, klútar og skilti. Stærsta þjónustuverkefnið er móttaka á einnota drykkjarvöruumbúðum fyrir Endurvinnsluna hf. og tekið er á móti skilaskyldum umbúðum fyrir Norður- og Austurland og frá Ísafirði.

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun er ætluð einstaklingum á aldrinum 18-70 ára. Starfsþjálfun er tímabundin og er hugsuð til sex mánaða í senn en hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga, ef þörf er á frekari þjálfun eða ef bið er á öðrum atvinnutilboðum. Markmiðið með starfsþjálfun og starfsendurhæfingu er að þjálfra einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Sérstakur matslisti er notaðir við mat á starfsgetu sem eykur skilvirkni og flýttir fyrir aðkomu fatlaðra á almennan vinnumarkað.

Í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun árið 2018 voru 45 einstaklingar í tímabundinni ráðningu, 18 karlar og 27 konur í 12stöðugildum.

Að lokinni starfsþjálfun fékk einn af ofangreindum einstaklingum starf á vegum Atvinnu með stuðningi (AMS), einn fékk ótímabundna ráðningu á PBI og einn fór yfir á örorkuvinnusamning. Fjórir einstaklingar hættu vegna veikinda eða annarra ástæðna.

Vinnugeta starfsmanna er mismikil og eru laun greidd skv. starfsmati Hlutverks - Samtaka um vinnu og verkþjálfun. Starfsmatinu er ætlað að meta vinnugetu og ákvarða röðun í launaflokka. Allir í starfsþjálfun eru félagsmenn í Einingu- Iðju og njóta í öllu þeirra kjara sem félagsmenn fá. Allar umsóknir um PBI berast í gegnum vef Vinnuálastofnunar. Helstu tilvísendur á PBI eru m.a. geðdeild SAK, endurhæfingardeild SAK á Kristnesi, fjölskyldusvið, búsetusvið, VMA og VIRK starfsendurhæfingarsjóður.

Ótímabundin ráðning

Ótímabundin ráðning (áður kölluð vernduð vinna) er fyrir einstaklinga á aldrinum 18-70 ára og er ætluð starfsmönnum sem lokið hafa starfsþjálfun en geta ekki nýtt sér önnur atvinnutilboð á almennum vinnumarkaði. Starfsgeta einstaklinga er metin í 30, 50, 70 eða 90%. skv. starfsmati Hlutverks.

Mat/endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári og eru laun greidd í hlutfalli við starfsgetu. Hámarksstarfshlutfall er 50% en lágmark 20%. Á árinu 2018 voru alls 20 einstaklingar í ótímabundinni vinnu. Karlar voru 8 og konur 12. Einstaklingar í starfsendurhæfingu/starfsþjálfun og í ótímabundinni ráðningu fá örorku- eða endurhæfingalífeyri frá TR.

Annað starfsfólk

Í árslok 2018 voru alls 20 starfsmenn á PBI í 17.90% stöðugildum. Þetta eru: Forstöðumaður, rekstrarstjóri, iðjuþjálfari/deildarstjóri starfsþjálfunar, starfsráðgjafi/verkstjóri í sal, verkstjóri í saumum, verkstjóri í búfjármerkjum, verkstjóri í vélasal, verkstjóri í kertum í 70% starfshlutfalli og verkstjóri í Endurvinnslunni. Þar að auki er flokksstjóri í sal/lager og starfsmaður í afgreiðslu. Í lok ársins voru átta manns í 100% verkamannastöðum. Til viðbótar eru fjórir á vinnusamningi í verkamannastöðum í 1,7% stöðugildum.

Félagsstarf, fræðsla o.fl.

Á PBI er lögð áhersla á símenntun starfsmanna og eru þeir hvattir til að nýta sér námskeið og fræðslu sem í boði er á vegum Akureyrarbæjar og/eða stéttarféлага eða hjá Símei og Fjölmenn.

Innleiðing á straumlínustjórnun (LEAN management) hófst á vordögum 2017 og heldur áfram. Tilgangurinn með innleiðingunni er að auka skilvirkni, vinna að stöðugum úrbótum og draga úr sóun. Allir starfsmenn PBI taka þátt í innleiðingunni og hugmyndavinnunni.

Öðru hvoru er reynt að brjóta upp hinn hefðbundna vinnudag. T.d. var haldin grillveisla eftir að lambamerkjavertíð lauk, haldið var páskabingó fyrir alla starfsmenn með veglegum páskaeggjavinningum og jólahlaðborð var haldið í byrjun desember þar sem nokkrir starfsmenn stigu á stökk og sungu dægurlög við mikla hrifningu samstarfsfólks. Leikfimi er í boði 2x í viku fyrir og eftir hádegi en uppákomur sem þessar hafa félagslegt gildi og ýta undir góðan starfsanda.

Samstarf

Samstarf og samráðsfundir eru á milli PBI og ýmissa stofnana ríkis- og sveitarfélaga varðandi verkefni og þjónustu við notendur. Tveir nemar frá Starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri komu í starfsþjálfun, einn á vorönn og annar á haustönn. Þeir fá ekki laun á starfsþjálfunar-tímanum.

Nemendur frá sérdeildum grunnskólanna koma í vettvangsferð og fá fræðslu um starfsemina og algengt er að leikskólabörn komi með kertaafganga að heiman og fái um leið kynningu á kertaframleiðslu og endurvinnslu á úrgangsvaxi. Nemar í þroskaþjálfafraeðum og nemendur af Félagsliðabru hjá Símei komu einnig og fengu kynningu á starfseminni en slíkar kynningar eru mikilvægur þáttur í námi þeirra.

Verkefni og viðhald

Verkefnastaða PBI árið 2018 var góð. Framleiðsla á búfjármerkjum hefur gengið vel eins og undanfarin ár. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug og sala dýfðra kerta og útikerta var sú sama og á árinu 2017. Dreifing á kertum fer fram í góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber.

Tækjabúnaður PBI var margur kominn til ára sinna og úr sér genginn. Endurbætur og viðhald véla og tækja eru mikilvægar svo hægt sé að halda starfseminni í fullum gangi. Vegna góðrar fjárhagsstöðu var farið í almennt viðhald á búnaði og keypt var leiserskurðarvél. Nokkrar tölvur voru endurnýjaðar og keyptir voru nýir sófar.

Rekstur Endurvinnslunnar hefur gengið vel og móttaka skilaskyldra drykkjarumbúða aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Bómullartuskum og efnunum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða Krossinum og Hjálpræðishernum við söfnun efna sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.

Afkoma

Heildartekjur PBI árið 2018 voru án vsk. kr. 162,8 milljónir í stað 160,6 milljónir árið 2017 og 128,8 milljónir árið 2016. Um er að ræða 26,36% aukningu tekna á tveimur árum sem skýrist m.a. af aukningu á sölu og verðbreytingum.

Rekstur PBI var 74,47 % af fjárhagsáætlun sem gerð var fyrir rekstrarárið 2018 og var heildarkostnaður bæjarins því 76,9 milljónir.



Plastidjan Bjarg – Iðjulundur



Endurvinnslan